

2005-2015

# Stíklur

Hlutverkasetur í 10 ár



# Stíklur

## Hlutverkasetur í 10 ár

Árið 2003 var sótt um styrk til félagsmálaráðuneytisins í tengslum við Evrópuár fatlaðra. Í þeirri umsókn eru fyrstu drög að stofnun Hlutverkaseturs sett fram. Styrkurinn var nýttur til að halda borgarafund, útgáfu á kynningarbæklingum um valdeflingu og gerð viðskiptaáætlunar um stofnun á nýju fyrirtæki. Viðskiptaáætlunin var kosin sú áhugaverðasta af Impru árið 2004. Sama ár fékkst styrkur frá nýsköpunarsjóði námsmanna og heilbrigðisráðuneytinu þar sem notendur geðheilbrigðisþjónustunnar fengu tækifæri til að sína í verki að þeirra reynsla og þekking hefði verðgildi. Iðnaðarráðuneytið veitti styrk sem varð til þess að fyrirtækið AE starfsendurhæfing, sem rekur Hlutverkasetur, komst á laggirnar. Þar með var stigið mikilvægt skref til að efla þátttöku geðsjúkra úti á vinnumarkaðnum. Aðalstofnendur Hlutverkaseturs voru þær Auður Axelsdóttir og Elín Ebba Ásmundsdóttir, iðjuþjálfar, ásamt Hugarafli. Virkastir í undirbúningi að stofnun fyrirtækisins voru að öðrum ólöstuðum: Bergþór Grétar Böðvarsson, Berglind Nanna Ólínudóttir, Garðar Jónasson, Hallgrímur Björgvinsson, Jón Ari Arason, öll með reynslu af geðheilbrigðisþjónustunni. Þórólfur Árnasonar þáverandi borgarstjóri hóaði saman fólki í lykilstöðum sem myndaði bakhjarlahóp hugmyndinni til framdráttar. Þetta voru þau Karl Steinar Guðnason hjá Tryggingastofnun, Grétar Þorsteinsson hjá ASÍ, Ari Edwald, þá hjá Samtökum atvinnulífsins, og síðar Hannes G. Sigurðsson, Ingimundur Sigurpálsson, formaður Samtaka atvinnulífsins, Hrafn Magnússon, framkvæmdastjóri Samtaka lífeyrissjóða, Lára Björnsdóttir, sem var þá yfir velferðarsviði Reykjavíkurborgar, og síðar Stella Víðisdóttir og Þór Sigfússon, sem þá var framkvæmdastjóri Verslunarráðsins. Ofantaldir aðilar funduðu reglulega og lögðu á ráðin. Ákveðið var að félagið *AE starfsendurhæfing, Hlutverkasetur* yrði einkahlutafélag í eigu iðjuþjálfanna, Auðar Axelsdóttur og Elínar Ebbu Ásmundsdóttur og rekið án hagnaðar en arður gengi til uppbyggingar félagsins. Hugmyndafræðileg nálgun starfseminnar yrði byggð, annars vegar á hugmyndafræði valdeflingar (empowerment) þ.e. að eiga rétt á hafa áhrif á þá aðstoð sem einstaklingur þarfnast og hins vegar á faglíkaninu um iðju mannsins (MOHO), um nauðsyn þess að hafa hlutverk í lífinu og trú á eigin áhrifamátt.

### Stjórnin

Stofnfundur var haldinn þann 13.maí 2005 og voru stofnendur þau: Andri Árnason, Auður Axelsdóttir, Árni Gunnarsson, Elín Ebba Ásmundsdóttir, Hulda Styrmisdóttir og Þórólfur Árnason. Þau sátu jafnframt í fyrstu stjórninni og var Árni Gunnarson kjörinn stjórnarformaður. Í fundargerð fyrsta fundar segir: „Tilgangur félagsins er rekstur starfsendurhæfingar sem mun vinna að því að efla virkni og þátttöku fólks með geðsjúkdóma og annarra sem misst hafa hlutverk til að skapa tækifæri til áframhaldandi starfa á almennum vinnumarkaði, forvarnarstarf, að efla notendaáhrif, að skapa hlutverk og setja sérþekkingu geðsjúkra í farveg. Sérþekking geðsjúkra verður nýtt á jákvæðan hátt til nýsköpunar og þjónusta mótuð í samvinnu við notendur.“ Litlar breytingar hafa orðið á

stjórninni frá upphafi en Auður Axelsdóttir og Hulda Styrmsdóttir hafa hætt og í stað þeirra komið Jóhanna E. Vilhelmsdóttir og Sæunn Stefánsdóttir sem er stjórnarformaður í dag. Frá árinu 2008 hefur Elín Ebba verið einn eigandi fyrirtækisins og jafnframt framkvæmdastjóri.

## Starfsemin

Hlutverkasetur hefur verið til húsa á þremur stöðum: í Lækjargötu 4, á Laugavegi 26 og frá árinu 2009 í Borgartúni 1. Starfsemin hófst á árinu 2006 og



Auður Axelsdóttir, Elín Ebba Ásmundsdóttir og Magnús Stefánsson félagsmálaráðherra við undirritun samningsins.

Árið 2007 hófst starfssemin af fullum krafti þegar ráðnir voru tveir iðjuþjálfar, þær Kristjana Milla Snorradóttir og Ragnheiður Kristinsdóttir. Fyrsta viðfangsefni þeirra var að leiðbeina NsN starfsmönnum. Árið 2009 studdi Reykjavíkurborg, í stjórnartíð Vilhjálms Vilhjálmssonar, Hlutverkasetur með þjónustusamningi og fylgdu Verslunarmannafélag Reykjavíkur og velferðarráðuneytið á eftir.

Starfsemi Hlutverkaseturs tók stakkaskiptum á því ári með fjölgun úrræða og námskeiða og fjölbreyttari hópi þátttakenda vegna afleiðinga efnahagshrunins 2008. Gerði VR samning, til þriggja ára, við Hlutverkasetur um þjónustu við atvinnulausa til að fyrirbyggja niðurbrot og veikindi meðal félaga sinna.



Iðjuþjálfarnir Ragnheiður og Kristjana Milla ásamt Garðar Jónassyni

## Starfsmenn:

Þeir sem hafa unnið lengst hjá Hlutverkasetri eru: Anna Henriksdóttir, Bergþór Böðvarsson, Elín Ebba Ásmundsdóttir, Guðlaug Helga Valdimarsdóttir, Helga Ólafsdóttir, Kristín Sigursteinsdóttir, Stefán Sveinbjörnsson og Védís Drafnardóttir. Þeir fyrstu sem voru ráðnir í geðfræðsluna voru: Steindór J. Erlingsson, Þórey Guðmundsdóttir og Hallgrímur Björgvinsson. Fyrstu starfsmenn NsN voru: Garðar Jónasson, Hallgrímur Björgvinsson, Haraldur Guðmundsson, Hörður Gunnarsson og Nanna Þórisdóttir. Auk þessara hafa margir unnið tímabundið við NsN og önnur tilfallandi störf innan Hlutverkaseturs.

## Notandi spyr Notanda – NsN

NsN verkefnið er gæðaeftirlit sem m.a. felur í sér að rannsaka aðstæður geðsjúkra innan



þeirrar þjónustu sem þeir fá frá sveitarfélagi og heilbrigðisstofnunum. Að jafnaði hafa fjórir einstaklingar verið í hlutastörfum í lengri eða skemmri tíma. Bergþór Grétar Böðvarsson hefur lengst af verið verkefnastjóri hópsins. Niðurstöður rannsókna hafa verið nýttar til að auka gæði þjónustunnar út frá þörfum og vilja notenda ásamt því að efla sjálfstæði og sjálfræði þeirra. Fyrsta árið gerði

Starfsmenn NsN á ferðalagi í Noregi

Upp frá því hefur NsN hópurinn árlega tekið út mismunandi úrræði og nú síðast á samfélagsgeðsteymi Landspítalans.



hópurinn fjórar úttekjur á sambýlum fyrir geðsjúka. Nordplus veitti styrk til gagnkvæmra heimsókna milli NsN hópsins á Íslandi og sambærilegs hóps, Bruker spør Bruker, í Noregi. Sóttu Norðmenn okkur heim árið 2010 og í tengslum við það var haldið málþing um málefni notenda. NsN hópurinn hélt svo til Noregs ári seinna. Hópurinn hefur jafnframt haldið erindi á fræðsludögum „Valdefling í verki“ sem haldnir hafa verið vítt og breitt um landið og samhliða því verið með fræðsluerindi og kynningar fyrir iðjuþjálfanema og nema á geðsviði Landspítalans. Bergþór Böðvarsson,

starfsmaður NsN og fulltrúi notenda á geðsviði LSH, hefur staðið fyrir reglulegum fótboltaæfingum um árabíl. Liðsmenn koma frá endurhæfingarheimilinu Laugarásvegi, Þjónustukjarnanum Bríetartúni og Hlutverkasetri. Verkefnið fékk strax mjög góðar viðtökur og mættu 15-20 einstaklingar að jafnaði á hverja æfingu. Að tilstuðlan Bergþórs og Helga Þ. Gunnarssonar, forstöðumanns Bríetartúns, var farið í kynningar- og knattspyrnuferð til Falkirk í Skotlandi þar sem samskonar verkefni er í gangi. Sjálfstraust og gleði þátttakenda hefur aukist í kjölfarið og á næsta ári stefnir liðið á að fara til Notts County í Englandi og kynnast áhugaverðu boltaúrræði þar. Þátttakendur hafa eflst til muna og var knattspyrnumót haldið í Valsheimilinu nú í vor. *Geðveikur fótbolti* og fótbolta-liðið *FC Sækó*, eins og þeir kalla sig, fékk hvatningarverðlaun velferðarsviðs Reykjavíkurborgar í flokki verkefna nú í maí 2015.

## Evrópuár gegn fátækt

Evrópuárið 2010 var tileinkað baráttunni gegn fátækt og félagslegri einangrun og tók Ísland fullan þátt ásamt Noregi og Evrópusambandslöndunum 27. Hlutverkasetur fékk styrk frá sjóðnum og nýtti hann meðal annars til að auka og styrkja námskeiðahald. Myndband var tekið af um líf Ágústu Körtlu Ísleifsdóttur, þátttakanda í starfi



Hlutverkaseturs. Myndbandið var eitt af 29, eitt frá hverju þátttökulandi, með yfirskriftinni „Getting out of poverty“ og voru þau sýnd á lokaráðstefnu sem haldin var í Brussel 17. desember 2010. Tveir fulltrúar frá Hlutverkasetri, þær Ágústa Karla og Elín Ebba, sátu ráðstefnuna, kynntu nokkur íslensk verkefni og sáu um kynningarbás Íslands. Fulltrúar Hlutverkaseturs komu einnig fram í fjölmiðlum vegna ársins, voru með

erindi á málþingum og tóku þátt í lokaráðstefnu sem var haldin í ráðhúsi Reykjavíkur í desember.

## ÚTRÁS

Útrás er verkefni á vegum Hlutverkaseturs sem styrkt var af VIRK og hefur fest sig í sessi. Markmiðið er að auka þátttöku geðfatlaðra á vinnumarkaði, auka skilning og þekkingu á þörfum þeirra og vinna gegn fordómum og mismunun. Útrásarverkefnið hefur verið í þróun frá árinu 2010 í samvinnu við geðsviðs LSH undir forystu iðjuþjálfans Sylviane LeCoultré. Það ár starfaði hún með hópi notenda sem hafði reynslu af vinnumarkaðnum. Hópurinn greindi hindranir og nauðsynlegan stuðning svo geðfatlaðir ættu afturkvæmt á

vinnumarkaðinn. Til liðs við sig fékk Sylviane Hlyn Jónasson, markaðsstjóra og sjálfboðaliða, sem tengilið við vinnumarkaðinn. Sú vinna gekk vel og Hlynur hefur gengið til liðs við VIRK til að færa út kvíarnar.

## Geðræktarnámskeið og fræðsla

Hlutverkasetur hefur boðið upp á geðræktarnámskeið og fræðslu, allt frá upphafi, fyrir einstaklinga, stjórnendur, fyrirtæki, skóla og almenning. Tímalengd og innihald námskeiða/fyrirlestra eru sniðin að þörfum hvers og eins. Einnig hefur Hlutverkasetur verið aðili að málþingunum, *Byggjum betra samfélag* og *Valdefling í verki*, í samvinnu við Rauðakross Íslands og viðkomandi sveitarfélög meðal annars á: Akureyri, Ísafirði, Húsavík, Egilsstöðum, í Vestmannaeyjum og víðar.

## Helstu tilraunaverkefni á vegum Reykjavíkurborgar

Tilraunaverkefni hafa verið nokkur í gegnum árin og meðal annarra má nefna eftirfarandi: NsN úttekt á búsetukjörnum, úttekt á Vin, fræðsla um valdeflingu, samstarf um virknimiðstöð í Breiðholti og námskeið fyrir starfsfólk á velferðarsviði. Síðast liðið ár fólst tilraunaverkefnið í því að skapa hlutastörf á vegum velferðasviðs Reykjavíkur og hafa fimm einstaklingar fengið vinnu þar af tveir á Geðheilsustöð Breiðholts, sem fékk nýsköpunarverðlaun, í opinberri þjónustu og stjórnsýslu 2015.

## Vettvangsnám

Fjölmarginir nemendur hafa komið í vettvangsnám í Hlutverkasetur og verið allt frá fjórum vikum upp undir fimm mánuði. Hafa nemendur í iðjuþjálfun meðal annars komið frá Háskólanum á Akureyri en einnig hafa komið nemar víðs vegar að úr heiminum s.s. Austurríki, Finnlandi, Þýskalandi og Kanada. Þá höfum við einnig notið krafta erlendra sjálfboðaliða.





## Daglegt líf í Hlutverkasetri

Hér fyrir neðan má sjá hefðbundna stundaskrá fyrir eina viku. Það er áberandi hve mörg og fjölbreytt námskeið eru í boði og stöðugt er eitthvað nýtt í gangi. Leiðbeinendur á námskeiðum eru margir hverjir sjálboðaliðar og einstaklingar sem sækja staðinn. Þátttakendur leggja líka sitt af mörkum við þróun starfseminnar. Starfsfólkið er opið fyrir hvers konar hugmyndum og er tilbúið að aðstoða



viðkomandi við að útfæra þær. Eru þátttakendur hvattir til að miðla af eigin kunnáttu og leyfa öðrum að njóta, með því að halda námskeið, fyrirlestra og kynningar, auk þess að taka þátt í daglegum störfum. Margir sigrar hafa unnist þegar einstaklingar, sem hafa verið einangraðir, stíga út fyrir þægindarammann og miðlað af eigin kunnáttu og reynslu. Ófáir þeirra hafa í framhaldinu haldið námskeið fyrir aðra og þar með öðlast enn meira

öryggi og styrkt sjálfsmýnd sína. Það er ekki síst þeim að þakka hve fjölbreytt starfsemin er orðin í Hlutverkasetri. Frá árinu 2009 hafa milli 300-400 manns sótt námskeið og fyrirlestra,



að jafnaði, á ári hverju. Námskeið, fyrirlestrar og aðrir viðburðir hafa verið allt að 90 árlega. Um 30 verktakar hafa unnið hér gegnum tíðina og yfir 100 sjálfböðliðar. Við í Hlutverkasetri höfum verið svo lánsöm að hingað hefur komið velviljað fólk, víða að úr samfélaginu sem hefur sýnt staðnum áhuga og lagt okkur lið á margvíslegan hátt s.s. með heimsóknum, námskeiðahaldi, fyrirlesturum og styrkveitingum.



HLUTVERKASETUR						Dagskrá 4. – 8. maí 2015	
mánudagur	þriðjudagur	miðvikudagur	fimmtudagur	föstudagur			
9.30-10.15 Jóga 10.00-12.00 Ánna M. og Hlengi V.;	9.45-10.00 Morgunleikfimi	9.30-10.15 Jóga Dagryg Gísladóttir	9.45-10.00 Morgunleikfimi	9.30-10.15 Jóga			
Telning Ánna Heiðskóttar	10.00-12.00 Óllumslan Ánna Heiðskóttar	10.00-12.00 Vatnsleitnámskeið Ánna Heiðskóttar	10.00-12.00 Handvinnuhornú Aldra Guðvín	10.00 Kíkibakstur eftirvætur Mona og Lina			Hlutverkasetur er staðsett í Borgartúni 1 (þengili um gíslvarnargötu)
12.00 Höfundur *Hemopata Ingibjörg Friðbernd.	11.00 Ganga	10.45 Brotfær frá HÍ Sjóvund í Nausthólvík.	10.40 Þvíti og Óskraða Marna og Hróna	10.30-11.30 ZUMBA Helga			Sími: 57-3471 Gsm: 495-9285
13.00-13.59 Fótbolti í Hítáni	12.30-13.00 SÍRkun, Kristín	11.00-12.00 FRI Tölvukennsla Astríður Sigurðardóttir	11.00-12.00 Mádeftækning Ánna Þ.	12.00-13.00 *Franska			www.hlutverkasetur.is
13.00-14.00 *Spenska byrjendur Höfundur: Valsdóttir	13.00-15.00 Handvinnuhornú Aldra Guðvín	13.00-14.00 Dagbókartúndur Helga	12.30-13.00 SÍRkun, Kristín	13.00 Opni búsi – Kynningar			* Skráning nauðsynleg
13.00-15.00 Pastel máluð, Svafa Björg	13.00-15.00 Collage verk Svafa Björg	13.00-15.00 Vatnsleitnámsk. framh. Ánna Heiðskóttar	13.10 Ganga	13.20-13.40 Hítarijóga Ándra og Ekba			
13.00 NHI Myndirarvísio	13.30-14.45 Á Tali hjá Ebbu og Ágústu	13.00-15.00 Sjálfræði Aði og Lee Loo	13.00-15.00 Opni umgögn Ánna Heiðskóttar	14.00 Söngur Hlengi Válar			Opnunartími: 08.30–16.00
14.30-15.30 ZUMBA Helga	13.00-15.00 Flimur Lee Loo	13.30-14.00 Youtube Chill 18-30 ára Hlengi Válar	13.00-15.00 Opni umgögn Ánna Heiðskóttar	13.00-15.00 Óskraða Hróna og Hróna			
14.00-15.00 Þýska NHI Hana Kristinn Rosenhan	15.15-15.45 Hugleðsla Hróna Brenn	14.00-16.00 Sjálfræði Christinn Knutsson	15.00-16.00 Spenska Framhald Ragnheiður Pálsdóttir	15.15-15.45 Hugleðsla Hróna Brenn			* Einstaklingaþrótt Svafnar Leccatire væðingunniþróttun. Váðabrotar milli 10- 14 mána þróttun og Hítarijóga, Nafning og væðingunniþróttun.
15.00 Íslenska Steinn Kristjánsson							

## Listsköpun



Listsköpun er afar stór þáttur í daglegu lífi í Hlutverkasetri og hefur Anna Henriksdóttir, myndlistarkennari umsjón með henni. Anna hefur kennt listsköpun í Hlutverkasetri frá árinu 2009 og erum námskeið hennar og Svöfu Bjargar Einarsdóttur afar vinsæl. Hafa þær stöllum kennt þátttakendum margar mismunandi aðferðir við listsköpun. Með þeirra

aðstoð hafa sprottið fram mjög frambærilegir listamenn. Tvisvar á ári er haldið vikunámskeið með yfirskriftinni *Listvist*, og þá er farið í vettvangsferðir og leitað efniviðar sem nýttur er til að vinna úr í Hlutverkasetri. Í lok listvistarviku er afraksturinn sýndur í húsakynnum Hlutverkaseturs.



Listskýningar með fjölbreyttum viðfangsefnum og aðferðum eru líka haldnar a.m.k. einu sinni á ári. Þessar sýningar hafa ýmist verið samsýningar eða einkasýningar. Á síðast liðnu ári voru tvær sýningar haldnar, sú fyrri í Ráðhúsi Reykjavíkur í samvinnu við *List án landamæra*. Þar voru til sýnis ljósaskúlptúrar sem unnir voru á



sérstöku námskeiði í ljósaskermagerð. Seinni myndlistarsýningin var haldin í húsnæði Hlutverkaseturs og að þessu sinni á verkum Gísla Kristjánssonar en hann hefur sótt staðinn í nokkur ár. Sýningin samanstóð af tússteikningum á stórum pappírsörkumog vatnslitamyndum. Okkur bárust ánægjulegar fréttir á árinu



af fyrrverandi nemendum í olíumálun. Þeir koma reglulega saman til að mála og hafa haldið samsýningar og einkasýningu á verkum sínum víða um land.



## Kennsla í leiklist og sjálfsrækt



Trausti Ólafsson, leiklistarfræðingur hefur leitt vinnustofur í psychodrama í Hlutverkasetri frá árinu 2009. Vinnur hann eftir aðferðum og hugmyndum J. L. Moreno sem hann kallaði aðferð leiklistar (psychodrama). „Við eyðum oft miklum tíma og orku í að endurlifa atvik úr fortíðinni sem hafa reynst okkur erfið. Í psychodrama er unnið á virkan hátt með það að finna leiðir til þess að veita þeirri orku í jákvæðari farveg.“ Trausti hefur boðið upp á örnámskeið, lengri námskeið og vinnustofur um helgar. Auk þess hefur hann þjálfað leiklistarhópa og sett upp nokkur leikverk sem meðal annars hafa verið sýnd á menningarhátíðum í Reykjavík og Kópavogi ásamt gjörningi í miðborg Reykjavíkur. Það hefur verið ánægjulegt að fylgjast með því að þátttakendur í leiklistinni hafa stigið út fyrir þægindahringinn, með þátttöku í leikverki, og sumir af þeim jafnvel stigið spori lengra og fengið vinnu sem aukaleikarar, bæði í auglýsingum og kvikmyndum.

## Venusarkórinn

Vorið 2010 fór Jens Jensson, starfsmaður Hlutverkaseturs, þess á leit við Margréti Pálmadóttur í DOMUS VOX að þjálfa upp kór í Hlutverkasetri. Hún tók því vel og stjórnaði kórnum, sem fékk nafnið Venusarkórinn, um árabíl ásamt syni sínum, Maríusi Sverrissyni.



Venusarkórinn hélt tvenna tónleika, jólatónleika í desember og vortónleika í byrjun apríl. Báðir tónleikarnir voru haldnir í DOMUS VOX og tókust þeir mjög vel. Síðast liðin ár hefur Helgi Valur Ásgeirsson, trúbador verið með söngstund einu sinni í viku í Hlutverkasetri.

## Grundtvig

Á árunum 2007-2013 hélt Evrópusambandið úti verkefninu *Grundtvig – fullorðinsfræðsla* með áherslu á þá sem minna mega sín, undir slagorðinu: það er aldrei of seint að læra - það er alltaf ástæða til að læra. Sótt var um styrki fyrir einstaklinga innan Hlutverkaseturs og fóru alls 14 manns á 7-14 daga vinnustofur víðsvegar um Evrópu.

## Opið hús

Christine Kristjánsson hefur stjórnað vinsælum kvöldstundum yfir vetrarmánuðina. Markmiðið er að rjúfa félagslega einangrun fólks





af erlendum uppruna, innflytjenda og hælisleitenda með því að skapa umhverfi til að auðvelda tengsl við Íslendinga.

### Unglinganámskeið

Unglinganámskeið hafa verið haldin tvisvar á ári frá 2012. Guðrún Benediktssdóttir, iðjubjálfi var upphafsmaður að því. Við námskeiðunum tóku Helga Ólafsdóttir og Þórunn Ágústsdóttir. Markhópurinn eru unglingar á aldrinum 12 – 18 ára sem búa við erfiðar aðstæður á heimilum sínum, eru kvíðnir eða félagsfælnir, eða annað sem gerir það að verkum að þeir nýta sér ekki almennar félagsmiðstöðvar. Markmiðið er geðrækt í gegnum samveru og þátttöku í fjölbreyttum verkefnum.



### Samfélagsþátttaka utan almenns opnunartíma

Þá hittast þátttakendur í Hlutverkasetri, utan opnunartíma og gera eitthvað skemmtilegt í Hlutverkasetri eða fara á kaffihús eða einhverja áhugaverða viðburði. Umsjón hafa Benna Fjóludóttir og Atli Þór Elísson.

### Skemmtileg viðfangsefni

Unnið var í tvígang með Dagnýju Bjarnadóttur landslagsarkitekt, við að gera útilistaverk, *Blómabreiðan*, stóð við Norræna húsið og *Filar þú miðbæinn* í miðborginni.



### Matjurtagarðurinn í Laugardal



## Heiðmerkurganga

### Árlegir viðburðir

Menningarnótt, árlegt konukvöld, alþjóðlegi geðheilbrigðisdagurinn, Litlu-jólin, Zumba á Ylströndinni, Geggjaði dagurinn og Halloween

Almanak Sorpu unnið af þátttakendum í listvistarviku





## Árangursmat

Árangursmat hefur verið ríkur þáttur í starfsemi Hlutverkaseturs gegnum símakannanir, eigindleg viðtöl, þátttökuathuganir og rýnihópa. Auk þess hafa þátttakendur skráð reynslusögur á heimasíðu Hlutverkaseturs.

## Lokaorð

Þegar horft er til baka sjáum við að þróunin hefur verið hröð og jákvæð. Hlutverkasetur hefur vaxið og dafnað, starfsandinn er einstakur og allir tilbúnir að taka þátt og leggja sitt af mörkum. Hugmyndafræðin hefur fest í sessi og fengið hljómgrunn í samfélaginu. Við horfum með tilhlökkun fram á veginn

Samantekið og skráð af Guðlaugu Helgu Valdimarsdóttur

